

Umsögn um kosningalög, 339. mál, lagafrumvarp.

Fram hefur verið lagt frumvarp til heildarendurskoðunar kosningalaga, sem ætlað er að taka á flestu eða öllu því sem snýr að tæknilegri framkvæmd kosninga í landinu. Ekki var vanþörf á og virðist frumvarpið að flestu leyti vel unnið. Umsagnaraðili telur þó að gott frumvarp hefði mátt bæta enn frekar með því að setja inn í það heimildarákvæði til framlagningar sameiginlegs framboðslista fyrir Reykjavíkurborgarmenntun. Sú hugmynd er ekki ný af nálinni og hafa verið flutt frumvörp þessa efnis á Alþingi, fyrst þingveturinn 2013-14, (183. mál), en þau ekki hlotið afgreiðslu.

Höfundur umsagnar þessarar er áhugamaður um stjórn málasögu og hefur tekið virkan þátt í flokkspólitísku starfi um þriggja áratuga skeið. Afstaðan til hugmyndarinnar um sameiginlega Reykjavíkurborgarmenntun byggir á þeirri reynslu, þar sem slík breyting yrði mjög til hagsbóta fyrir kjósendur í Reykjavík og þær stjórn málahreyfingar sem þar starfa. Væri til mikils unnið ef tækist að bæta þessu atriði inn í lagafrumvarpið í meðförum þings og þingnefndar.

Í stuttu máli gengur tillagan um sameiginlegan framboðslista út á að stjórn málahreyfingum verði heimilað að leggja einn stóran lista fram í báðum Reykjavíkurborgarmenntum. Um valkvæða heimild yrði að ræða og gætu stjórn málahreyfingar því teft fram sitthvorum listanum eftir sem áður ef þær það kysu. Ef um einn framboðslista væri að ræða, teldist efsti fulltrúi listans þingmaður þess kjördæmisins þar sem framboðið fengi fleiri atkvæði og svo koll af kolli. Þingmenn fengju svo útgefin kjörbréf fyrir annað hvort kjördæmið og varamenn í samræmi við það.

Rökin fyrir þessari einföldu tæknilegu breytingu eru margvísleg.

Sögulegar ástæður eru fyrir skiptingu Reykjavíkur í tvö kjördæmi. Þegar kjördæmakerfið var síðast endurskoðað var talinn kostur að kjördæmi landsins yrðu á svipuðu róli hvað varðaði fjölda þingmanna. Eitt Reykjavíkurborgarmenntun hefði borið höfuð og herðar yfir önnur kjördæmi sem hefði t.a.m. haft í för með sér að mun auðveldara hefði verið að ná þingmanni þar fyrir smáframboð en annars staðar á landinu, sem talið var óheppilegt. Þá var talið að álíka stór kjördæmi væru gagnleg fyrir lýðræðislega umræðu í tengslum við kosningar, en stundum hafði verið talið bera á því að pólitísk umræða í minni kjördæmunum hverfðist um staðbundin málefni en stóru kjördæmin sinntu umræðu um stóru línurnar í stjórn málum, utanríkismál o.fl.

Hafi höfundar breytinganna vonast til þess að Reykjavíkurborgarmenntun tvö yrðu með tímanum að rökréttum og viðurkenndum einingum í hugum borgarbúa á sama hátt og raunin hefur orðið með flest önnur kjördæmi, er óhætt að segja að þær vonir hafi brugðist. Velflestar stjórn málahreyfingar hafa ákveðið að líta fram hjá þessari skiptingu í skipulagi sínu, heldur hafa eitt kjördæmisráð fyrir alla Reykjavík. Prófkjör og forvöl eru undantekningarlítið sameiginleg fyrir Reykjavík alla og eftirá raðað niður á framboðslistana tvo. Kosningabaráttan er rekin sameiginlega í kjördæmunum tveimur, oftast en ekki er sömu kosningablöðunum dreift á báðum stöðum og þingmenn skilgreina sig sem fulltrúa Reykjavíkur allrar. Í vinnustaðaheimsóknum eru frambjóðendur sendir þvers og kruss, enda lítið samhengi milli búsetu Reykvíkinga og vinnustaðar þegar kemur að kjördæmamörkum.

Reynsla þeirra sem starfað hafa í kosningabaráttu í Reykjavík er sú að fæstir kjósendur hafi skýra mynd af því hvað teljist Reykjavík-norður og Reykjavík-suður, hvað þá að borgarbúar líti fremur á fulltrúa annars kjördæmisins sem sína þingmenn en þá sem boðnir eru fram hinu megin Miklubrautar. Óhagræðið af þessari skiptingu getur hins vegar verið töluvert.

Hér er ekki lagt til að Reykjavíkurborg kjördæmin verði sameinuð, enda myndi slíkt kalla á stjórnarskrárbreytingu auk þess sem fyrrgreind álitamál um galla mikils misræmis í þingmannafjölda einstakra kjördæma kæmu þá upp á yfirborðið. Sú haganlega lausn sem stungið var upp á veturinn 2013-14 leysir hins vegar úr mörgum vandamálum en er þó fullkomlega tæknilegs en ekki pólitísku eðlis.

Reykjavík, 28. desember 2020

Stefán Pálsson, sagnfræðingur og stjórn málaá hugamaður